



## Fundargerð

487. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,

mánudaginn 19. desember 2022, kl. 17.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt:

Árný Huld Haraldsdóttir, oddviti (ÁHH)

Jóhanna Ösp Einarisdóttir, varaoddviti (JÖE)

Hrefna Jónsdóttir, aðalmaður (HJ)

Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, aðalmaður (MDS)

Vilberg Þráinsson, aðalmaður (VP)

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

ÁHH, JÖE, MDS, HJ og VP voru á fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 6 síður.

Oddviti bauð fólk velkominn, spurði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið, engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

### Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

#### **1. 486. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 9. nóvember 2022.**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### **2. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd, 28. nóvember 2022**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

##### **2.1 2211019 - Umsókn um byggingalóð, Hellisbraut 58-64.**

*Sveitarstjórn samþykkir úthlutun á lóðunum að Hellisbraut 58-64 sem er raðhúsa lóð fyrir 4 íbúðir til Landsbyggðarhúsa ehf. Samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.*

**3. Mennta- og menningarmálanefnd, 7. desember 2022.**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

**4. Velferðarnefnd, 23. nóvember 2022.**

Farið yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina. Samþykkt samhljóða.

**Mál til afgreiðslu**

**1. 2212001 - Álagning gjalda 2023**

*Sveitarstjórn samþykkir óbreytta álagningarprósentu útsvars, fasteignagjalda og lóðaleigu fyrir árið 2023. Samþykkt samhljóða.*

*Álagningarprósenta útsvars á tekjur ársins 2023 er 14,74%, þar af eru 1,21% sem renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk sem undirritað var 16. desember 2022.*

*Fasteignaskattsprósentur árið 2023 eru;*

*Fasteignaskattur A 0,50%*

*Fasteignaskattur B 1,32%*

*Fasteignaskattur C 1,65%*

*Fráveitugjald 0,20%*

*Vatnsgjald 0,50%*

*Lóðaleiga 4% (af nýjum lóðum)*

*Tekjuviðmið vegna afsláttar af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega hækkar um 10%. kr. 4.730.000 hjá einstaklingi og kr. 6.710.000 hjá hjónum.*

*Samþykkt samhljóða.*

**2. 2212002 - Gjaldskrár 2023**

Lagðar eru fram gjaldskrár Reykhólahrepps vegna ársins 2023, uppfærðar miðað við vísitölur.

*Sveitarstjórn samþykkir lækkun á gjöldum í mótuneyti um 50% miðað við framlagða gjaldskrá ársins 2023.*

*Sveitarstjórn samþykkir að hækka gjöld af útleigu á húsnæði Reykhólaskóla til ættarmóta um 20 %.*

*Sveitarstjórn samþykkir hækkun á gjöldum í Grettislaug.*

*Gjald 6-17 ára..... kr. 500*

*Gjald 18 og eldri..... kr. 1.000*

*Gjald elli og örorkulífeyrisþega, kr. 500*

*Leiga á handklæði..... kr. 1.000*

*Leiga á sundfatnaði..... kr. 1.000*

*20 miða kort 6-17 ára..... kr. 6.000*

*20 miða kort 18 ára og eldri.. kr. 12.000*

*Árskort 6-17 ára .....kr. 15.000*

*Árskort 18 ára og eldri..... kr. 30.000*

*Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu getur sótt um styrk til greiðslu árskorta í Grettislaug með framvísun á greiðslukvittun.*

*Samþykkt samhljóða. Aðrar gjaldskrár samþykktar samhljóða.*

### **3. 2212007 - Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2022.**

Lagðir eru fram viðaukar nr. 3 og 4. Í viðauka 3 eru millifærslur fjármuna á milli deilda í eignasjóði. Viðaukinn kallar ekki á aukafjármagn.

Í viðauka 4 er gert ráð fyrir auknum tekjum og gjöldum vegna Ásgarðs skóla í skýjunum vegna aukningar á nemendafjölda á árinu. Viðaukinn gerir ráð fyrir tekjuaukningu að upphæð 4 millj. kr.

*Sveitastjórn samþykkir viðauka 3 og 4. Samþykkt samhljóða.*

### **4. 2212003 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.**

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 80.000.000,- , með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.*

*Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr.*

sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

*Er lánið tekið til að fjármagna gatnagerð sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttur, kt.0512704019, sveitarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Reykhólahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.*

*Samþykkt samhljóða.*

#### **5. 2004013 – Endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps.**

Lagt er fram bréf og minnisblað Skipulagsstofnunar dags. 8. desember 2022 vegna lokaafgreiðslu aðalskipulagstillögu þar sem bent er á nokkur atriði sem stofnunin telur að lagfæra þurfi áður en unnt er að staðfesta aðalskipulagstillöguna.

*Sveitarstjórn hefur farið yfir framangreint bréf og minnisblað og samþykkt svör við þeim sbr. minnisblað með þessari fundargerð. Breytingarnar á frístundabyggðarsvæðum frá auglýstri aðalskipulagstillögu verða kynntar hagsmunaaðilum í samræmi við ábendingu Skipulagsstofnunar. Ef ekki berast athugasemdir við breytingarnar innan tilskilins frests telst aðalskipulagstillagan samþykkt og verður þannig breytt send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Ef athugasemdir berast tekur sveitarstjórn afstöðu til þeirra og afgreiðir aðalskipulagið að nýju til staðfestingar. Að því loknu verði þeim sem gerðu athugasemdir við auglýsta aðalskipulagstillögu og breytingar send svör sveitarstjórnar og niðurstaða sveitarstjórnar verður auglýst sbr. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.*

*Samþykkt aðalskipulagsins felur í sér samþykkt framlagðrar vegaskrár, sbr.*

*Þemaupprátt „Vegir í náttúru Íslands“, sem unnin hefur verið á grundvelli 32. Gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.*

*Samþykkt samhljóða.*

#### **6. 2212004 – Fyrirkomulag skipulags- og byggingamála.**

Lagt er fram minnisblað sveitarstjóra ásamt sveitarstjórum Dalabyggðar og Strandabyggðar frá fundi sveitarstjórnanna með formönnum skipulagsnefnda

sveitarfélaganna þriggja þar sem rætt var um frekari eflingu á embætti skipulags- og byggingafulltrúa.

Sveitarstjóri óskar eftir umboði sveitarstjórnar til þess að mega vinna áfram að málefninu með framsetningu á þremur sviðsmyndum.

1. Óbreytt staða.
2. Aðskildar nefndir, samræming verkferla, starfslýsinga og þjónustustigs.
3. Nefndir sameinaða í eina, samræming verkferla, starfslýsinga og þjónustustigs.

*Sveitarstjórn samþykkir að unnið verði áfram skv. minnisblaðinu. Samþykkt samhljóða.*

#### **7. 2212006 - Húsnæðisáætlun Reykhólahrepps 2023.**

Lögð eru fram drög að húsnæðisáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2023.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda drögin til HMS til yfirferðar. Samþykkt samhljóða.*

#### **8. 2212008 – Hleðslustöðvar á Reykhólum.**

*Sveitarstjórn hvetur Orkubú Vestfjarða til þess að koma upp hleðslustöð fyrir rafbíla í þorpið á Reykhólum. Samþykkt samhljóða.*

#### **9. 2212009 - Kjarasamningsumboð**

Lagt er fram samkomulag um kjarasamningsumboð við Samband íslenskra sveitarfélaga.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps veitir Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir sína hönd við þau stéttarfélög sem starfsfólk sveitarfélagsins eru aðilar að. Sveitarstjóra falið að undirrita rafrænt umboð fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*

#### **Mál til kynningar**

#### **10. 2212005 – Fulltrúar í Öldungaráð.**

Lögð er fram tilkynning frá Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi um tilnefningar í Öldungaráð á nýju kjörtímabili.

Aðalmaður frá Reykhólahreppi verður Ingibjörg Kristjánsdóttir Garpsdal og varamaður Ása Björg Stefánsdóttir Árbæ.

Aðalmaður frá Dalabyggð verður Ása María Hauksdóttir Búðardal og varamaður Sigurbjörg Kristínardóttir Búðardal.

Lagt fram og kynnt.

#### **11. 2112007 – Samtaka um hringrásarkerfið, Vestfirðir greinargerð.**

Lögð er fram greinargerð sem Stefán Gíslason hjá Umhverfisstofnun Íslands vann fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga vegna verkefnisins „Svæðisáætlanir sveitarfélags verkfæri í ákvarðanatöku“.

Lagt fram.

#### **Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin**

#### **12. Samningur um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða.**

Lagður er fram nýr samningur, verklagsreglur og vinnuskjal mótttekið 16. desember 2022 frá valnefnd umdæmisráðs.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir nýjan samning um rekstur umdæmisráðs og verklagsreglur um framkvæmd umdæmisráðs. Samþykkt samhljóða.*

**Fundi slitið kl. 18.00. Fundargerðin undirrituð rafrænt**